

# Október

# Pési

176.tbl.14.árgangur okt 2004  
Útgefandi: Hrunamannahreppur  
Netfang: [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is)  
Ritstj. Ísólfur Gylfi Pálmason  
Sími: 480 6600

**Næsti Pési kemur út 12. nóv**  
**Skilafrestur á efni er til 8. nóv.**

## **Frá íþróttahúsinu á Flúðum**

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga - miðvikudaga	15:30-21:00
Fimmtudaga	13:00-21:00
Föstudaga	13:00-21:00
Laugardaga	LOKAÐ
Sunnudaga	14:00-21:00

## **Frá sundlauginni á Flúðum**

Tilraun verður gerð með breytingu á opnunartíma

**frá 15 okt til 15. nóv**

Mánudaga - föstudaga	17:00-21:30
Laugard og sunnudaga	13:00-18:00

**Athugið einungis er um að ræða breyttan opnunartíma frá mánud til fimmtud**



**Kynningafulltrúi:**  
**Jóhanna Magnúsdóttir,**  
**ClaMal sölukona,**  
**hlý og notaleg þjónusta**  
**s. 895-6119**

[englagardur@mi.is](mailto:englagardur@mi.is) eða  
[johannamagnusdottir61@hotmail.com](mailto:johannamagnusdottir61@hotmail.com)

## Gestgjafar úr Hrunamannahreppi

*óskast til að halda  
heimakynningar á  
vönduðum og fallegum  
fötum frá  
danska pöntunarlistanum  
ClaMal!*

### Hvað færð þú:

*Gestir fá eintak af nýja ClaMal  
bæklingnum*

*Notalega og skemmtilega kvöldstund  
eða eftirmiðdag*

*Persónulega og góða þjónustu*

*Gæðavöru á góðu verði*

*Falleg og nýttiskuleg fót*

*Barnaföt: 4 ára - 14 ára*

*Dömuföt str. 36 - 46*

*Stærri dömuföt: 44 - 58*

*Góða gestgjafagjöf*

*Aflslátt af listaverði*

### Hvað þarft þú að gera:

*Hringja í síma 895-6119 eða  
senda póst á [englagardur@mi.is](mailto:englagardur@mi.is)  
Fá upplýsingar og við bókum tíma  
sem hentar þér☺*

*Þjóða síðan 4 – 12 vinkonum,  
kunningjum, saumaklúbbnum,  
ættingjum, vinnufélögum eða  
nágrönnum*

**Sendi þér nýja ClaMal listann**

**Hvernig líst þér á ?**

# Fröken Fix – Ómálaðar og málaðar trévörur.

Nú er ég búin að setja nýja hluti inn á vefsíðuna mína, sjón er sögu ríkari.

Slóðin er [www.hi.is/~gudreir](http://www.hi.is/~gudreir)

Einnig er hægt að fara inn á Leit.is -> heimilið -> handavinna -> Fröken Fix.

Þeir sem ekki hafa aðgang að netinu eru velkomnir í heimsókn að Smiðjustíg 13 og kíkja á það sem í boði er.

Fram að jólum verður 15% afsláttur á ómáludum vörum til íbúa Hrunamannahrepps.

## Námskeið.



Ef næg þátttaka fæst verður haldið trémálunarnámskeið laugardaginn 23. okt.

Málað verður jólatré með snjó-  
karlafjölskyldu fyrir framan.

Verð kr. 5500.- allt efni, máling og  
afnot af penslum innifalið.

Vinsamlega látið vita um þátttöku í síma  
486-6575 fyrir þriðjudaginn  
19. okt.

Fróðleikur frá fyrri tíð.

Gátan um Einbúakofann er leyst en í leit minni að upplýsingum um Sæluhúsið undir Einbúa hef ég fundið eftirfarandi:

1. Reikningur í Þjóðskjalasafninu frá árinu 1876 um byggingu kofans.
2. Í árbók Fornleifafélags Íslands 1933-1942 er kafli um öll örnefni á afrétti Hrunamanna og þar stendur orðrétt á einum stað: *Suðvestanundir Mosfelli er Einbúi, sandhóll, grasivaxinn að sunnanverðu. Hjá Einbúa var Sæluhús áður en kofinn var byggður í Árskarði. Frá Einbúa rennur Jökulkvíslin í verstur-útsuður.*

Í bókinni Göngur og réttir sem gefin var út 1984 er talað um *leitarmannakofann í Ásgarði sem var byggður fyrir meir en 60 árum og ennþá stendur.* Í bókinni er einnig talað um að *ekki hafi verið farið lengra innúr í fjalleitum en innst á Skipholtskrók fyrr en um og uppúr miðri 19. öld. Eftirleitarmenn fóru lengra.*

Í Árbók ferðafélagsins 1996 er sagt frá því að *leitarmenn hafi reist torfkofa í Ásgarði 1890 og stóð hann lengi við gafl sæluhússins sem Ferðafélag Íslands reisti í Kerlingafjöllum 1937.*

Í eftirsafninu núna í haust fann Eiríkur á Grafarbakka svo rústirnar af Einbúakofanum norðaustan í Einbúa. Er þar greinileg ummerki af kofarústum.

Í þessum bókum er ýmist talað um Árskarð eða Ásgarð og deildar meiningar um hvort á að vera. Ykkur til glöggvunnar eru smá upplýsingar hér:

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er talað um Fremi og Innri Ásgarð í Kerlingafjöllum. Brynjólfur á Minna-Núpi talar um Ásgarð 1895 en segir jafnframt að hann telji að fyrrum hafi staðurinn heitið Árskarð. Hafi r-ið fallið brott í máli og að Árni Magnússon hafi misskilið heimildarmenn sína og skrifað Ásgarð eftir þeim er hann reit Jarðarbókina í upphafi átjándu aldar.

Í tveim frásögnum í bókinni Göngur og réttir 1905 og 1914 talar Þórður Kárasson um Árskarð en Helgi Daníelsson talar um Ásgarð 1957 og Helgi Haraldsson talar um Ásgarð og fullyrðir að svo eigi að vera og átelur menn fyrir að breyta virðulegum gömlum nöfnum. Fullyrðing Helga er umdeild.

Guðjón Jónsson Unnarholti talar um Árskarð í Árbók Fornleifafélagsins 1933.

Er Árskarðs-nafnið seinni tíma vitleysa eða er Ásgarðs-nafnið misheyrn og linmæli. Er ekki rökrétt að Innri-Ásgarðsá í Árskarði heiti Árskarðsá?

Eða hvað segja Hreppamenn í dag?

Aðeins hef ég heyrt fólk velta fyrir sér gamla grjót-kofanum fyrir framan Svíná. Í Árbók Fornleifafélagsins stendur orðrétt um hann: *Í vestur frá Stangárarbotnum er Harði-völlur og neðar Harða-vallar-klif. En nyrst á Harða-velli, næst Svíná, var sæluhús fram-yfir nítjándu öld, þá var það flutt inn-yfir ána í Svínárnes. Í Svínárnesi hefir oft verið glatt á hjalla í fjallferðum; þá einu nótt liggja allir fjallmennirnir í sama tjaldstað. Þar hefir verið sungið mikið, farið í bændaglímu, og reynt, hver gæti hent sig lengst yfir lækinn. Svo ef heyrðist nú skvamp og einhver féll í lækinn, sem kom nú fyrir, þá var nú stundum brosað.*

Esther Guðjónsdóttir.

## Fótboltaæfingar haustið 2004

Tími	Föstudagur úti	Tími	Sunnudagur - inni
12:45-14:00	3-4. bekkur 6. fl.	11:00-12:00	3-4. bekkur 6.fl
14:00-15:15	5-6. bekkur 5.fl	12:00-13:15	5-6. bekkur 5.fl
15:30-16:45	7-8. bekkur 4.fl karla.	13:15-14:30	7-8. bekkur 4.fl.karla
16:45-18:00	9-10.bekkur.3.fl.karla.	14:45-16:00	7-10.bekkur. kvenna

Tími	Þriðjudagur - úti
19:00-20:00	7-10 bekkur kvenna
20:30-21:30	9-10. bekkur 3.fl. karla

Heimir Gunnarsson 894-3030

Haustönn.4000.kr-byrjum 24.sept.

Munið að klæða ykkur eftir veðri þegar útiæfingar eru á föstudögum og þriðjudögum

**UMFH gallar**

Er með tvo galla, þessa tvöföldu, nr 176 til sölu. Verð er 4560 kr

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafið samband við Halldóru á Fossi í síma 892-1276.

## **Uppgjör Þjóðhátíðarnefndar 2004**

Eins og alþjóð veit voru 17. júní hátíðarhöld haldin á þjóðhátíðardaginn okkar 17. júní. Mikið var um að vera á Flúðahlaðinu þann daginn og vonandi skemmtu sér allir vel.. Þjóðhátíðarnefnd Hrunamannhrepps sem samanstóð af 5 öskuduglegum einstaklingum sá um undirbúning að hátíðarhöldunum.

Að sjálfsögðu lögðu margir góðir einstaklingar okkur lið við hátíðarhöldin og viljum við þakka þeim öllum kærlega fyrir aðstoðina og þá sérstaklega Mótorhjólægjunum sem keyrðu með börn og fullorðna smá rúnt um Flúðahverfið allan daginn,

Hér koma svo úrslit keppna sem haldnar voru á þjóðhátíðardaginn.

### **Kassabílarallý:**

#### Yngri flokkur.

1 sæti Ari- Tómas – Davíð á tímanum 28,7 sek

2 sæti Andri – Þórmundur- Hafþór á Fordinum á tímanum 31,5 sek

3 sæti Selma Guðrún- Emil og Björgvin á Slátturvélinni á tímanum 39,5 sek

#### Eldri flokkur.

1 sæti Agnar og Hermann á Tryllitækinu á tímanum 1:13 mín

2 sæti Jörundur og Pálmi á Bóbó á tímanum 2:23 mín

Veitt voru þrautseigju verðlaun og þau hlutu

Karl Óskar- Hafdís og Axel

## **Kassaklifur:**

### Stúlkur.

- 1 sæti Dýrleif með 21 kassa á 4:19 mín
- 2 sæti Sigrún með 21 kassa á 4:25 mín
- 3 sæti Ingibjörg með 13 kassa á 2:25 mín

### Piltar

- 1 sæti Bragi Viðar með 21 kassa á 4:12
- 2 sæti Unnar Þór með 14 kassa á 2:51
- 3 sæti Helgi Sigurþór 13 kassa á 1:16

Sá sem fór hæst af fullorðnum var Einar Logi en hann var með 28 kassa.

## **17. júní hlaup**

### Stúlkur yngri flokkur

- Marianna Svansdóttir '95
- Karen Munda Jónsdóttir '96
- Olga Rós Guðjónsdóttir '97

### Stúlkur eldri flokkur

- Elma Jóhannsdóttir '92
- Katrín Ólafsdóttir '93

### Piltar yngri flokkur

- Hafþór Ragnarsson '95
- Egill Magnússon '96
- Jónas Rafn Ölvisson '96

### Piltar eldri flokkur

- Kjartan Sigurðsson '89
- Helgi Sigurþór Karlsson '88
- Bragi Viðar Gunnarsson '91

## **Tilboðsdagur**

Þriðjudaginn 19  
okt frá kl  
11:00-18:00  
verður 10%  
afsláttur veittur  
af öllum vörum  
frá GUINO og  
ALESSANDRO  
**VIOLA**  
snyrtistofa  
Högnastígur 1  
Flúðum

## **Hrunaspjall**

Fregnir, fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli.

## Úr kirkjubókinni

Skírnir:

**Bjartur Snær** var skírður í Grafarvogskirkju þann 2. maí, hann er fæddur 3. mars 2004.

Foreldrar: Ester Ágústa Guðmundsdóttir og Jón Gunnar Sigurðsson (frá Flúðum, Högnastíg 3), þau eru búsett í Reykjavík. Séra Vigfús Þór Árnason skírði.

**Hjörtur Snær** var skírður í Hrepphólakirkju 19. júní, hann er fæddur 18. mars 2004.

Foreldrar: Hulda Hrönn Stefánsdóttir ( frá Hrepphólum) og Halldór Hjartarson, þau eru búsett í Danmörku. Séra Halldór Reynisson skírði.

**Hekla María** var skírð í heimahúsi á Högnastíg 3 þann 27. júní, hún er fædd 26. ágúst 2003. Foreldrar: Unnur Ósk Sigurðardóttir (frá Flúðum, Högnastíg 3) og Jóhann Björnsson. Þau eru búsett í Danmörku. Séra Axel Árnason skírði.

**Arngrímur Jökull** var skírður í Hrunakirkju þann 4. júlí, hann er fæddur 6. maí 2004.

Foreldrar: Guðný Arngrímsdóttir og Guðmundur Magnús Emilsson, Suðurbrún 10 Flúðum.

**Kristens Benóný** var skírður í Hrepphólakirkju þann 12. sept. Hann er fæddur 21. júlí 2004.

Foreldrar: Lilja Dögg Ernudóttir og Borgþór Vignisson Unnarholtskoti 2.

Hjónavígslur:



**Kristín Ásta Jónsdóttir og Axel Rafn Benediktsson** voru gefin saman í Hrunakirkju þann 15. júlí. Heimili þeirra er Efra-Sel 1

**Hafðís Lúðvíksdóttir og Sólmundur Friðriksson** voru gefin saman í Skálholtskirkju þann 17. júlí. Heimili þeirra er Smiðjustígur 17a á Flúðum.

Útfarir:

**Guðmundur Einarsson** frá Reykjadal, Vesturbrún 16 var jarðsunginn frá Hrunakirkju þann 6. júlí og jarðsettur í heimagrafreit í Reykjadal. Hann var fæddur þann 27. ágúst árið 1911 og lést 27. júní sl.

**Kormákur Ingvarsson** fyrrv. bóndi á Sólheimum var jarðsunginn frá Hrunakirkju 8. september. Hann var fæddur 7. mars árið 1926 og lést þann 24. ágúst.

### **Helgihaldið framundan**

Næsta messa verður í **Hruna þann 24. október kl. 11**  
**Barnastarfið** fer af stað 16. október kl.11 og verður í Hrunakirkju á laugardögum kl. 11 eins og verið hefur.

**Kyrrðarstundir:** Næsta kyrrðarstund verður sunnudagskvöldið 17. okt. í Hrepphólakirkju kl. 20:30

Með góðri kveðju úr Hruna  
Eiríkur Jóhannsson.

**Í skugga verkafalls.**

Enn einu sinni standa yfir kjaradeilur kennara og Launaneðndar sveitarfélaga. Enn einu sinni er málið í hörðum hnút og enn einu sinni bitnar verkfall á aðilum sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér, nemendunum. Verkföll eru að verða tiltölulega sjaldgæfar aðgerðir á Íslandi miðað við það sem áður var. Ástæðan er m.a. sú að í nútímanum hefur enginn efni á því að fara í verkfall. Flestir eyða um efni fram, þurfa að greiða af krítarkortum, greiða af lánum o.s.frv. Verkfall sem þetta er slæmt fyrir alla aðila og oft tekur langan tíma fyrir þá sem í verkföllum lenda að ná saman endum að verkföllum loknum. Þess eru einnig dæmi að börn hafa flosnað upp frá námi, það unga fólk sem er að útskrifast út úr grunnskólanum hefur áhyggjur af samræmdu prófunum og aðrir geta notað verkföllin sem afsökun ef illa gengur í skólanum.

Því hefur kankvíslega verið gaukað að mér hvort sveitarfélagið græði ekki á því að kennararnir skuli vera í verkfalli? Auðvitað gerum við það ekki. Við erum með fullt af fólki á launum meðan á verkfalli stendur og verkfallið hefur lamandi áhrif á samfélagið. Aðrir hafa spurt hvort við getum ekki samið sjálf við kennarana? Svo auðvelt er þetta ekki. Okkar viðsemjendur eru Launaneðnd sveitarfélaga enda eru kjaradeilur og kjaramál flókin málaflokkur. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps fjallaði um launadeilurnar á síðasta fundi sínum þar var skýrt tekið fram og bókað fyllsta traust við Launaneðndina.

Það er deginum ljósara að mikil framþróun hefur verið í skólastarfi í grunnskólum landsins eftir að sveitarfélögin tóku yfir rekstur þeirra úr höndum ríkisins. Enn deila menn um hvort rétt hafi verið gefið. Víst er að meiri kröfur eru gerðar til sveitarfélaganna en ríkisins áður, Návígið er meira og kröfurnar meiri og sveitarfélögin hafa verið eftirlátssamari og metnaðarfullri í skólamálum en ríkið var. Meiri sérhæfing hefur átt sér stað, tölvuvæðing skólanna hefur kostað mikið fé en er svo sannarlega hluti af nútímanum. Skólarnir eru langflestir einsetnir, bjóða uppá mötuneyti og það er staðreynd að við gerum miklar kröfur til skólanna og þess starfsfólks sem þar vinnur. Þess eru dæmi að foreldrar, sem ekki ráða við börnin sín heima, eru alveg hissa á því að kennarar ráði ekki við börnin

í skólanum. Hinir almennu starfsmenn skólanna eru einnig mikilvægir hlekkir sem of oft gleymast þ.e. starfsmenn mötuneyta, skólabílstjórar, húsverðir, skóla- og stuðningsfulltrúar. Víst er að nauðsynlegt er að mikið traust ríki milli heimila og skóla. Á dögunum gladdi það mitt gamla hjarta að heyra frá húsverðinum í íþróttahúsinu að krakkarnir okkar, hér í Hrunamannahreppi, hegðuðu sér mun betur en þeir gestir sem oft heimsækja okkur þegar um íþróttakeppnir eru ræða. Skólinn er fjöregg okkar þar leggur unga fólkið grunn að framtíð sinni. Vel er staðið að skólamállum hér, enda stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins. Við erum með óvenju velvirka og áhugasama fræðslunefnd. Kennarar, starfsmenn og skólastjórnendur leggja sig fram af kostgæfni. Ég er orðinn þeirrar skoðunar að kjaradómur eigi að skera úr um launakjör kennara þá komumst við hjá þeirri lamandi hönd sem verkföll hafa á skólastarf í landinu. En þetta er mín persónulega skoðun og hefur ekki verið fjallað um hana í hreppsnefndinni.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

Kæru vinir og sveitungar!  
Ég vil þakka öllum þeim sem glöddu mig  
með gjöfum og heimsóknum  
á 50 ára afmælisdegi mínu  
7.okt.2004

og gerðu þann dag mjög svo eftirminnilegan

Góðar þóttu mér gjafir ykkar  
en met ég þó meira þá vináttu sem þið sýnduð mér

Guðbjörg Runólfsdóttir  
Jörfa

Stuttar fréttir frá hreppsskrifstofu teknar saman af sveitarstjóra

### **Góð þjónusta leikskólans.**

Stjórnendur leikskólans eru að gera tilraun með vistun 12 mánaða barna en áður var aldurstakmarkið 18 mánuðir. Skýrt er tekið fram að hér er um tilraun að ræða til þess að nýta betur hin glæsilegu húsakynni skólans. Skólinn vinnur með ákveðið þema sem er “ég og umhverfi mitt”. Það fer vel á því í því fagra umhverfi sem við búum í. Í Uppeldisstefnu skólans er farið eftir aðalnámsskrá með hliðsjón af Reggio Emilia og fjölgreinarkenningu Gardners. Í Flúðaskóla er unnið áfram eftir þessum kenningum. Ég veit að margir reka upp stór augu þegar þetta er lesið. Þetta er jú hluti af nútímanum og faglegu starfi. Við sem eldri erum hugsum um það hvernig mæður okkar og feður eða ömmur okkar og afar fóru að því að ala okkur upp án þess að vita að þessar kenningar hafi verið til. Hins vegar getum verið stolt af innra starfi leikskólans okkar og þeirri umgjörð sem honum er sköpuð.

### **Merki fyrir leikskólann**

Leikskólastjórinn okkar Jóna Guðbjörg hvetur listhneigða íbúa hreppsins til þess að búa til merki (logo) fyrir leikskólann. Dragið þið nú fram blýantinn og leggið fram hugmyndir. Ímyndin á að vera tengd menntun, börnum og einkennum Hrunamannahrepps og sendist á netfang [undraland@.is](mailto:undraland@.is) ef þið ætlið ekki að nota blýantinn.

### **Valkyrjur á skrifstofu**

Þeim er margt til lista lagt valkyrjunum á skrifstofunni hjá okkur. Búið er að taka hressilega til hjá okkur á kontórnum, færa til hillur bekkir og borð þannig að öll aðstaða er mun betri en áður var. Sveitarstjórinn og veitustjórinn hlýddu öllum fyrirmælum þeirra og er það samdóma álit, allavega okkar á skrifstofunni, að vel hafi tekist til.

## **Starfslýsingar**

Sveitarstjóri hefur lagt fram drög að starfslýsingum fyrir starfsmenn Hrunamannahrepps. Í leikskólanum og skólanum hefur einnig verið unnið að slíkum starfslýsingum af leikskólastjóra og skólastjóra. Er þetta hluti af starfsmannastefnu sveitarfélaganna, Skólaskrifstofu Suðurlands og Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands undir heitinu “Markviss”. Markviss er samstarfsverkefni Menntar-starfsmannavettvangs atvinnulífs og skóla og Kvasis samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar landsbyggðarinnar.

## **Samningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps.**

Unnið hefur verið að samningi Skeiða og Gnúpverjahrepps annarsvegar og Hrunamannahrepps hins vegar um samvinnu og kostnaðarskiptingu í skólamálum. Þessi samningur hefur átt langan meðgöngutíma, miklu lengri en hjá fílunum, sem hafa víst hvað lengstan meðgöngutíma dýranna. Nú er samningurinn fullskapaður. Góð sátt hefur náðst um hann í fræðslunefndum og hreppsnefndum. Nú eiga bara sveitarstjórnir eftir að setja blek í pennana og skrifa undir og ólíklegt er að boðað verði til blaðamannafundar þegar skrifað verður undir.

## **Heilsuáttak í Hrunamannahreppi**

Þær stöllumar í Íþrótt- og æskulýðsnefnd, vinna nú af krafti að heilsuáttaki í Hrunamannahreppi. Unnið er að því að fá leiðbeinanda til þess að kenna fólki á helstu tæki í þreksal íþróttahússins, leiðbeint verður um mataræði sem tengist vonandi þeirri góðu matvælaframleiðslu sem fram fer hér í hreppnum, mældur verður blóðþrýstingur og jafnvel tekin blóðsýni úr þeim körlum sem treysta sér til víst er að allar konurnar sem taka þátt í átakinu þora það. Hreppsnefnd hefur ákveðið að styðja við átakið með því að þátttakendur fái ókeypis í þreksal og sundlaug í þann mánuð sem átakið stendur yfir. En auðvitað vonum við að sem flestir prófi og haldi síðan áfram sér til ánægju, og heilsueflingar. Átakið er auglýst nánar með dreifibréfi.

## **Breyttur opnunartími sundlaugar**

Æskulýðs- og íþróttanefnd hefur gert tillögu sem samþykkt hefur verið um breyttan opnunartíma sundlaugarinnar. Margir hafa óskað eftir því að laugin opni kl. 17.00 Ákveðið hefur verið að verða við þessum óskum í tilraunaskini, á móti kemur að laugin lokar kl. 21.30. Þetta er gert í tilraunaskini til 15. nóv. nk. Aðsókn að lauginni er alltof dræm – nú er að sjá hvort nýr opnunartími hefur eitthvað að segja. Um helgar verður sundlaugin opin sem fyrr frá kl. 13.00 til 18.00

## **Magnaðir starfsmenn í verkfallinu**

Þeir standa sig vel skólaliðarnir og forstöðumaður og starfsmenn mötuneytisins í skólanum í verkfallinu. Þannig segir sagan að eldhúsfólkið sé búið að baka og undirbúa matargerð langt fram á næsta ár, skólaliðarnir hafa tekið til hendinni á skólalóðinni og m.a. málað leiktækin, Stína kokkur er búin að bóna gólfdukana þannig að hægt er að spegla sig í gólfunum. Skólastjórnendur og Halldór húsvörður hafa undirbúið skólahald sem aldrei fyrr. Nú vantar bara að leysa verkfallið.

## **Sinfóníuhljómsveit í heimsókn**

Sveitarstjóri hefur verið í sambandi við framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Þröst Ólafsson. Nú hefur verið ákveðið að Sinfóníuhljómsveitin komi hér í opinbera heimsókn í apríl n.k. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir hið öfluga söngfólk og hljóðfæraleikara að leggja sig enn betur fram við æfingar þannig að heimsóknin megi verða okkur öllum til sóma.

## **Sameining sveitarfélaga.**

Félagsmálaráðuneytið hefur gefið út skýrslu um sameiningu sveitafélaga á landinu og gert tillögur þar um. Sveitarstjórnun, einstaka sveitarstjórnarmönnum og almenningi gefst tækifæri til þess að skila inn til ráðuneytisins rökstuddum athugasemdum fyrir 1. desember n.k. Að umsagnartíma loknum mun sameiningarnefnd yfirfara þær athugasemdir sem borist hafa og meta hvort ástæða er til að breyta einstaka tillögum, eða jafnvel draga þær til baka. Greidd verða atkvæði um tillögurnar 23.

apríl n.k. í samræmi við bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 45/1998, með síðari breytingum sem samþykktar voru á Alþingi s.l. vor. Tillögurnar eru til í sérstöku hefti sem liggur frammi á skrifstofu.

### **Tillaga sameiningarnefndar.**

Sameiningarnefnd leggur til að þann 23. apríl 2005 verði íbúum Bláskógarbyggðar, Hrunamannahrepps, Grímsnes-og Grafningshrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps gefinn kostur á að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna fjögurra í eitt sveitarfélag. Alls búa um 2.500 manns í þessum sveitarfélögum og þau ná yfir 7.807 km<sup>2</sup>. Ef tillaga þessi verður felld getur Sameiningarnefndin lagt fram nýja tillögu og fer sú atkvæðagreiðsla hugsanlega fram í október til janúar 2006. Þannig að óhætt er að segja að Uppsveitarmenn séu í tilhugalífinu um þessar mundir. Nú er bara að vita hvert afkvæmið verður, eða hvort um nokkurt afkvæmi verði að ræða.

### **Líf í tuskunum í Efra-Seli**

Það er ánægjulegt þegar fólk er frjótt og hugmyndaríkt. Í golfskálanum í Efra-Seli er nú boðið uppá danskennslu og námskeið í gítarleik. Halldór og Ásta Guðný bjóða upp á dansnámskeið en dansinn er talinn allra meina bót og þegar karlarnir hafa komist uppá lagið í dansinum er mun minni slyshætta á dansgólfinu. Á sama hátt býður Sólmundur Friðriksson, sem lengi lék með stuðboltanum úr Skagafirði, Geirmundi Valtýssyni, uppá gítarnámskeið. Að sögn kunnugra hafa margir þegar fengið sigg á fingurgóma vinstri handar en það er grundvallaratriði góðra gítarleikara. Einhverju sinni var sagt um gítarleikara sem einungis kunni þrjú grip og hafði keypt sér gítar sem kostaði 300.000. kr. að það væri með ólíkindum að greiða 100.000 kr. á hvert grip. Býður einhver betur hjá Sólmundi. Hver veit nema að útskriftarnemendur bjóði uppá ball þar sem hljóðfærarleikarar og dansarar sýna hvað þeir hafa lært.

## **Fjarnám á Flúðum.**

En það er hægt að læra meira en dans og gítarleik í hreppnum okkar. Þannig býður Fræðslunet Suðurlands uppá fjarnám m.a. í trésmíðum hér á Flúðum. Á sama hátt er Jónas Yngvi Ásgrímsson að kenna mönnum bókhald og á tölvur, þannig að fólk getur haft nóg að gera í frístundum.

## **Kaldavatnsborun**

Kaldavatnsborunin í landi Hruna bar því miður ekki árangur. Veitustjórn leitar enn leiða til að afla meira kaldvatns fyrir Hrunamannahrepp. Stjórnin ásamt sveitarstjóra hefur m.a. farið á fund fulltrúa úr Bláskógarbyggð vegna þessa. Ein tillagan er einnig að afla neysluvatns á eyrum Stóru Laxár með síun. Ekkert hefur enn verið ákveðið í þessum efnum en málið er í athugun.

## **Gamla tún heitir ekki gamla tún!**

Frómir menn hafa tjáð sveitarstjóra að hið svokallaða “Gamla tún” þar sem er elsta íbúðargatan á Flúðum heiti alls ekki þessu nafni. Nær lagi væri að tala um Flúða tún og biðst sveitarstjóri afsökunar á þessu en í gögnum sem hann hafði undir höndum þar sem gerð var kostnaðaráætlun í götuna var hún nefnd þessu nafni. Nokkrir af frumbyggjum eða landnámsmönnum á Flúðum búa við þessa götu. Þarna var í eina tíð útihús og tún þar sem skólastjórinn hafði skepnur. Milli manna er gatan nú stundum nefnd “Wall street” sem er náttúrulega dulítið flott nafn en þó ekki nógu íslenskt. Nú væri gaman að fá tillögur um nafn á þessa götu sem óðum tekur á sig mynd og verður flottari með degi hverjum. Einhver sagði að hún hefði einhverju sinni verið nefnd Túngata, er það rétt? Ef svo er, er sjálfsagt að halda því nafni.



## **Eldstæði og samkomuaðstaða í kvenfélagsgarði**

Búið er að koma upp myndarlegri aðstöðu í Kvenfélagsgarði þar sem halda átti uppá afmæli skólans. Þar er komið lítið eldstæði og leiksvið sem búið er til úr trjáviði úr Þjórsárdal. Þetta tengist allt verkefninu lesið í skóginn sem Flúðaskóli tekur þátt í. Vonandi getum við nýtt þessa aðstöðu til margskonar samkomuhalds í framtíðinni enda aðstaðan góð, í dásamlegu umhverfi. Freystandi er að leggja göngustíga þarna með því að nota trjáskurl.

## **Framkvæmdir við Sultartangalínu 3**

Fyrirtækið Ræktunarsamband Flóa og Skeiða eru að hefjast handa um framkvæmdir við Sultartangalínu 3 á Hrunamannaafretti. Vinnubúðir þeirra verða við Heiðarvatn þar sem þeir hafa borað eftir köldu vatni sem streymir upp. Á sama hátt ætla þeir að bora við Helgaskála og kemur sér vel fyrir okkur ef vatn finnst þar. Gengið hefur verið frá samningum vegna malartöku o.fl. Á sama hátt verður gengið frá samningi við Landsvirkjun um bætur til hreppsins í landi Jaðars og er upphæðin sem samið hefur verið um kr. 819.000.

## **Framkvæmdir við Auðsholtsveg.**

Vegagerðin er væntanlega að hefja framkvæmdir við varanlega vegagerð á Auðsholtsvegi. Kostnaðaráætlun fyrir fyrstu 2,5 km er 33.7 milljónir króna. Kostnaðaráætlun fyrir 0,7 km. færslu á Syðra-Langholtsvegi eru 18 milljónir króna. Samtals hljóðar kostnaðaráætlun uppá kr 51.8 milljónir en fjárveiting til vegarins á þessu ári er kr. 35 milljónir. Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir við gatnamót Skeiða- og Hrunamannavegar og er ráðgert að fyrsti áfangi nái að Birtingaholti. Það hefur ekki farið framhjá hreppsþúum að efni í veginn er tekið við Hólakot. Auðvitað er naman ekkert augnayndi meðan á framkvæmd stendur en það var algert skilyrði þegar leyfið var gefið fyrir malartekjunni að Vegagerðin gengi vel frá námunni og sáð yrði í sárið þegar verki væri lokið.

## **Sparkvöllur nær tilbúinn**

Sparkvöllurinn á skólalóðinni er nær tilbúinn. Ráðgert var að vígja hann þegar áætlað var að halda uppá 75 ára afmæli Flúðaskóla þann 9. október. En vegna verkfalls gekk það ekki. Forvígismenn Knattspyrnusambands Íslands munu koma þegar völlurinn verður formlega opnaður með pompi og prakt. Einnig hafa verið keyptar körfur á skólalóðina þannig að ungvíðið hefur nóg að gera þegar skólinn fer af stað á nýjan leik. Þessar framkvæmdir eru framlag hreppsnefndar í tilefni afmælisins.

## **Þingmenn í heimsókn.**

Víkuna 25. til 29 október er svokölluð kjördæmavika alþingismanna. Hér á Suðurlandi verða fundir með þingmönnum og sveitarstjórnnum m.a. hér á Flúðum Sveitarstjóri Hrunamannahrepps mun hafa tvær kápur á bakinu, þegar kemur til þessara funda, því hann mun leysa Hjálmar Árnason af á Alþingi þessa viku og vikuna 1. til 5. nóvember. Dagana 1. og 2. nóvember verður síðan Fjármálaráðstefna sveitarfélaga þar sem lagðar eru línur fyrir fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaganna og aðalfundur SASS verður haldinn 13. og 14. nóvember n.k.

## **Tómas Þórir í veikindafrí!**

Tómas Þórir verður a.m.k. þennan mánuð í veikindafrí. Einar Jónsson, bróðir Tómasar, leysir hann af á meðan á veikindafríinu stendur. Af þessum sökum má reikna með frávikum frá þeim tímasetningum sem hafa verið vegna sorphirðunnar. Tómas Þórir vill benda íbúum á að hafa ekki laust sorp í tunnunum vegna fokhættu. Þesinn sendir Tómasi kveðjur með von um góðan bata.

## **Landbóta og landnýtingaráætlun 2004 –2008**

Gerður hefur verið samningur um landbóta- og landnýtingaráætlun 2004-2008 á Hrunaafretti. Þetta er fyrsti samningurinn sem undirritaður er í Árnassýslu og fjallar um beitarstjórnun og uppgræðslu. Samningurinn tengist og beingreiðslum til bænda vegna sauðfjársamnings. Áætlunin byggir á mjög merkilegum gögnum sem vísindamaðurinn, Sigurður H. Magnússon frá Bryðjuholti vann og gaf hreppnum. Hrunamannahreppur stendur í mikilli þakkarskuld við Sigurð fyrir þá ómetanlegu vinnu. Unnsteinn Hermannsson undirritaði samninginn fyrir hönd heimamanna, ásamt sveitarstjóra og Sigprúði Jónsdóttur f.h. Landgræðslunnar. Landgræðslan flutti 11.2 tonn af áburði og 375 kg af húðuðu fræi. Unnsteinn Hermannsson hefur stjórnað uppgræðslustarfinu f.h. heimamanna og er honum og öllum þeim sem komið hafa að þessu starfi þakkað.

### **VIOLA - snyrtistofa á Flúðum**

**Eftirfarandi meðferðir eru í boði:**

*Andlitsbæ*

*Húðhreinsun*

*Litun og plokkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Föræun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímamantanir í síma 566-8342*

*og 897-3741(HÍÍF)*

**Flytjandi**  
- á réttri leið

**Flytjandi**  
- á réttri leið

**FLÚDALEIÐ ehf.**

**Vöruflutningar**

**Ferðaáætlun**

**Alla virka daga**

**Frá: VM Flytjanda**

**Klettagörðum 15, kl: 15:00**

**Frá Selfossi kl: 16:00**

**Pálmar: 892-2370 Bílstjóri: 892-2371**

**Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693**

**Netfang: fludal@hvippinn.is**

**Flytjandi**  
- á réttri leið

**Flytjandi**  
- á réttri leið



**Hár-Hrun**

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna

föstudagana

5. nóv..19.nóv.

og 3.des.

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

### **Bridsspilarar eldri sem yngri**

Spilamennskan byrjar að nýju mánudagskvöldið

18. október kl. hálf níu stundvíslega

í Félagsheimili Hrunamanna

Nýir spilarar hjartanlega velkomnir,

gaman að sjá ný andlit og spilamennskan þarf ekki að vera neitt fullkomin. Allir hafa einhvern tíma verið byrjendur

Stjórn Bridsfélags Hrunamanna

### **Opnunartími Bókasafns Hrunamanna**

Mánudaga 20:00-21:00

Þriðjudaga 16:00-18:00

Miðvikudaga 16:00-18:00

Fimmtudaga 16:00-18:00

Alltaf nýjar bækur og blöð

### **Auglýsing frá kirkjukórnum**

Nú er starf kirkjukórsins að hefjast á ný eftir sumarfrí.

Nýir félagar ávallt velkomnir.

Æfingar eru á fimmtudagskvöldum kl 20:30

í Félagsheimili Hrunamanna.

Hikið ekki við að mæta í góðan félagsskap

Stjórnin

### **Hrunamannahreppur.**

Skrifstofan er opin,

frá kl 9-12 og 13-16.

Mánudaga til föstudaga

**Atvinna - Atvinna - Atvinna.**

**Óskum eftir að ráða fólk til starfa  
við pelsun og skinnaverkun í nóvember og desember.  
Upplýsingar í s: 486-6595, Þorbjörn í s: 891-6591  
Sigurður í s: 863-9662**

### **Frjálsíþróttadeild UMFH auglýsir**

Frjálsíþróttæfingar eru í Íþróttahúsinu á Flúðum  
á miðvikudögum kl. 16:45 - 18:15  
Þjálfari er Valgerður Jónsdóttir íþróttakennaranemi.  
Fyrir börn fædd "94 og eldri  
Frjálsíþróttadeild UMFH

### **Kojur til sölu.**

**Stærð. 0,90x2.m  
Keyptar í Línunni, seljast á ca hálfvirði,  
20.000 kr  
Upplýsingar hjá Heimi  
í síma 894-3030**

### **VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA**

Daglegar ferðir REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

**Vöruafgreiðsla í Rvk.**

**AÐALFLUTNINGAR ehf.**

**Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.**

**Brottför frá Reykjavík: mánud- föstud. kl. 16.00**

**Nánari upplýsingar:**

**Jóh. Unnar Guðmundsson**

**Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.**

## KÖRFUBOLTAFRÉTTIR.

Körfuboltinn er kominn í fullan gang eftir sumarfrí með nýjan þjálfara sem er Árni Þór Hilmarsson kenndur við Syðra-Langholt en er nú Flúðhverfingur. Hann mun stýra okkar frækna íþróttafólki til sigurs í vetur, utan vallar sem innan, enda metnaðarfullur, nýútskrifaður, áhugasamur um íþróttir og svo mætti lengi telja.

Um síðustu helgi voru 3 flokkar að keppa. Hér heima keppti 7.fl kvenna við 5 sterkustu liðin á landinu í þeim flokki og lentu í 2 sæti eftir 1. umferð, góður árangur þar.

Eins og Hrunamenn vita er stór hluti meistaraflokks Hauka í Hafnarfirði, Hrunakonur og sá Sverrir Haukagoði margar stelpur á þessu móti, sem hann langaði að fá í Haukaliðið í framtíðinni. 10. flokkur stráka og stelpna voru svo að keppa í Keflavík og Stykkishólmi, gekk þeim ekki alveg eins vel en það stendur allt til bóta.

Rukkun fyrir æfingagjöld er á leiðinni til foreldra og vonumst við til að sá seðill lendi efst í gíróseðla bunkanum því svona starf er kostnaðarsamt, en um leið skemmtilegt ef allt gengur vel. Við minnum enn og aftur foreldra á nauðsyn þess að keyra á leiki og skiptast þá á, það nær kostnaði mikið niður í stað þess að leigja stóra bíla sem er mun dýrara dæmi. Einnig bendum við öllum á kki.is síðuna á netinu en þar er hægt að ná í allar upplýsingar um mót og fleira.

Sjáumst svo í íþróttahúsinu í vetur, að hvetja okkar fólk til dáða, það er bæði bráðskemmtilegt og mikil hvatning fyrir börnin okkar.

STJÓRNIN.

**kúrar eru  
skammtímalausn...**



**EN!!!  
BREYTTUR  
LÍFSTÍLL ER  
LANGTÍMA  
LAUSN!**

**Hvort hentar þér betur?**



**Hágæða næringarvörur og þjónusta**

**HERBALIFE®**

**Hafdís og Sólmundur**

**S: 821 2415**



